



Aðalfundur Golfklúbbs Akureyrar fyrir rekstrarárið 2022/2023

Fundur haldinn að Jaðri 15. desember 2023 kl. 20:00

Framkvæmdarstjóri klúbbsins, Steindór Kristinn Ragnarsson setti fundinn og bauð félagsmenn velkomna. Steindór tilnefndi fundarstjóra og ritara sem voru samþykktir einróma. Fundarstjóri var kosinn Jón Steindór Árnason og fundarritari Skúli Eyjólfsson. Steindór gaf Jóni Steindóri orðið sem þakkaði traustið, hann staðfesti að fundurinn var boðaður með viku fyrirvara og telst því löglegur skv. lögum klúbbsins.

Dagskrá aðalfundar er eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis
3. Umræður og atkvæðagreiðsla um tillögur samkvæmt 9. grein.
4. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.
5. Kosning og/eða tilnefning í aðrar nefndir, sbr. 8. grein.
6. Kosning tveir endurskoðendur og einn til vara.
7. Ákvörðun árgjalds skv. 4. grein.
8. Lagabreytingar.
9. Önnur mál.

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári

Jón Steindór gaf Bjarna formanni GA orðið þar sem Bjarni fór yfir skýrslu stjórnar. Bjarni þakkaði öllu starfsfólki GA, stjórn, Jaðar Bistro og síðast en ekki síst sjálfboðaliðum og fór stuttlega yfir þeirra sjálfboðastörf á árinu en sagði að þeir væru mjög mikilvægir klúbbum. Bjarni minntist látinna félaga og síðan fór hann yfir skýrslu stjórnar sem birt er á heimasíðu GA.

2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis

Steindór fór yfir rekstur GA þar sem endurskoðaðir reikningar voru lagðir fram til samþykkis. Rekstrartekjur GA 246 milljónir samanborið við 202 milljónir árið áður. Rekstrargjöld fyrir rekstrarárið voru 229 milljónir en 183 milljónir árið áður. Rekstrarhagnaður var 17,5 milljónir samanborið við 19,6 milljónir í fyrra. Hagnaður ársins eftir fjármagnsliði endaði í 12,2 milljónum en árið áður endaði rekstrarárið í tæpum 14 milljónum.

GA tók yfir Sigló golf síðastliðið vor en sá rekstur endaði á pari sem telst gott. GA hefur lagt töluverða vinnu í völlinn og tekin ákveðin svæði fyrir og lagfært.

3. Umræður og atkvæðagreiðsla um tillögur samkvæmt 9. grein.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að spyrja um skýrslu stjórnar og endurskoðaða reikninga. Engar spurningar bárust og því engar umræður, skýrsla stjórnar og reikningar voru því næst samþykktir af meirihluta fundargesta.



4. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.

Kosning stjórnar og varamanna í stjórn. Eftirfarandi aðila voru í framboði en kosið var um alla sem ekki voru að fara á seinna ár.

Aðalstjórn:

Bjarni Þórhallsson – formaður	eitt ár
Jón Steindór Árnason – varaformaður	fyrri ár
Skúli Eyjólfsson – ritari	fyrri ár
Guðlaug María Óskarsdóttir – gjaldkeri	seinna ár
Eygló Birgisdóttir – meðstjórnandi	seinna ár

Varamenn í stjórn:

Finnur Bessi Sigurðsson	eitt ár
Vigfús Ingi Hauksson	eitt ár

Engin móttframboð komu í aðalstjórn né í varamenn í stjórn. Ofangreind tillaga að stjórn var samþykkt.

5. Kosning og/eða tilnefning í aðrar nefndir, sbr. 8. grein.

Vallarnefnd:

Jón Steindór Árnason
Tryggvi Gunnarsson
Heimir Jóhannsson
Halla Sif Svavarsdóttir
Arnar Árnason

Aganefnd:

Björn Axelsson, formaður
Stefán Jónsson
Eiður Stefánsson

Forgjafarnefnd:

Tryggvi Jóhannsson, formaður
Jón Heiðar Sigurðsson

Kappleikjanevnd:

Jón Heiðar Sigurðsson, formaður
Óskar Jensson
Magnús Finnsson

6. Kosnir tveir endurskoðendur og einn til vara.

Skoðunarmenn ársreikninga fyrir rekstrarárið 2023-2024:

- Sveinn Pálsson og John Júlíus Caraglia

Tillaga var samþykkt.

7. Ákvörðun árgjalds skv. 4 grein.

Fundarstjóri fór yfir árgjaldatillögu GA og fór yfir samantekt um það sem innifalið er í árgjaldi í GA sem að fara yfir opnunardaga golfvallar GA í samanburði við aðra sambærilega klúbba. Einnig fór hann yfir hlutfall árgjalda af tekjum GA sem er um 30% af tekjum miðað við rúmlega 50% hlutfall hjá sambærilegum golfklúbbum.

Tillaga stjórnar er eftirfarandi:

Flokkur	Verð
27 - 66 ára	145.000 kr
67 ára og eldri	118.000 kr
19 - 26 ára	76.000
15 - 18 ára	63.000
11 - 14 ára	47.000
10 ára og yngri	42.000
Nýliðar	118.000

Engar spurningar, né umræður voru um árgjöldin og þau samþykkt.



8. Lagabreytingar

Engar tillögur komu að lagabreytingum.

9. Önnur mál

Fundarstjóri gaf Steindóri, framkvæmdarstjóra orðið þar sem hann fór yfir rekstraráætlun GA fyrir næstkomandi starfsár þar sem gert er ráð fyrir áætluðum tekjum upp á 263,5kr. Gert er ráð fyrir því að rekstrargjöld verði 245,8kr og því er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða verði hagnaður upp á 10 milljónir (eftir fjármagnsliði).

Því næst var farið í orðuveitingar og voru þær eftirfarandi:

- Heiðar Davíð Bragason – hlýtur afreksmerki GA sem klúbbmeistari GA
- Bryndís Eva Ágústsdóttir – afreksmerki en hún var Íslandsmeistari í höggleik í flokki 13-14 ára stelpna.
- Ragnar Orri Jónsson – háttvísisbikar GA
- Andrea Ýr Ásmundsdóttir – kvenfylfingur GA
- Veigar Heiðarsson – karlkylfingur GA og kylfingur GA fyrir árið 2023.

Að orðuveitingum loknum fór Steindór yfir þær framkvæmdir sem eru í gangi. Steindór fór yfir þá sláttur róbota sem komnir eru út á völl og þá sem eru væntanlegir á næsta ári. Einnig kom Steindór inn á merkingar eða leiðarvísa sem komnar eru út á völl en það er almenn ánægja með þær merkingar.


Farið var í gegnum inniaðstöðuna þar sem gert er ráð fyrir 3x stærra putt og vipp flöt en er í Golfhöllinni og einnig er gert ráð fyrir því að það verði 6 golfhermar. Einnig mun aðalinngangurinn í klúbbhúsið vera í tengibyggingunni en þar verður gengið beint inn í golfbúðina og móttökuna sem þar verður staðsett eftir að framkvæmdum lýkur.


Jón Thorarensen bað um orðið og telur að það sé of ódýrt í mót GA og vill hækka gjöld í öll mót á þeim forsendum að það sé ódýrara að spila í mótum heldur en að greiða vallargjald.

Heimir Jóhannsson spurðist fyrir um myndir og sögu félagsins. Hann kvatti stjórn GA að taka þetta föstum tókum svo saga GA myndi ekki glatast ásamt myndum af félagsmönnum, vallarsvæðinu og starfinu sem dæmi.

Fundarstjóri kom aftur upp og bauð nýkjörinn formann velkominn og gaf honum orðið.

Bjarni nýkjörinn formaður GA þakkaði fyrir traustið og fór stuttlega yfir uppbyggingarsamning GA við Akureyrarbæ. Bjarni þakkaði fundargestum fyrir komuna og sleit fundinum þar með.


Jón Steindór Arnason


Skúli Eyjólfsson